



HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Niðurstöður uppsjávarrannsóknaleiðangurs (IESSNS)
umhverfis Ísland á RS Árni Friðriksson í júlí 2021 /
*Results of the Icelandic part of the International Ecosystem
Summer Survey in Nordic Seas (IESSNS) in July 2021 on R/V
Árni Friðriksson*

Anna Heiða Ólafsdóttir, Guðrún Finn bogadóttir, James Kennedy,
Sólrun Sigurgeirs d óttir og Svandís Eva Aradóttir

Niðurstöður uppsjávarrannsóknaleiðangurs
(IESSNS) umhverfis Ísland
á RS Árni Friðriksson í júlí 2021 /
*Results of the Icelandic part of the
International Ecosystem Summer Survey in Nordic
Seas (IESSNS) in July 2021 on R/V Árni Friðriksson*

Anna Heiða Ólafsdóttir, Guðrún Finnbugadóttir, James Kennedy,
Sólrún Sigurgeirs dóttir og Svandís Eva Aradóttir



Upplýsingablað

Titill: Niðurstöður uppsjávarrannsóknaleiðangurs (IESSNS) umhverfis Ísland á RS Árni Friðriksson í júlí 2021 / *Results of the Icelandic part of the International Ecosystem Summer Survey in Nordic Seas (IESSNS) in July 2021 on R/V Árni Friðriksson*

Höfundur Anna Heiða Ólafsdóttir, Guðrún Finnþogadóttir, James Kennedy, Sólrún Sigurgeirs dóttir, Svandís Eva Aradóttir

Skýrsla nr: HV 2022-06	Verkefnisstjóri: Anna Heiða Ólafsdóttir	Verknúmer: 9127
ISSN 2298-9137	Fjöldi síðna: 32	Útgáfudagur: 11. mars 2022
Unnið fyrir: Hafrannsóknastofnun	Dreifing: Opin	Yfirfarið af: Guðmundur Óskarsson

Ágrip

Hafrannsóknastofnun hefur frá árinu 2010 tekið þátt í alþjóðlegum uppsjávarrannsóknaleiðangri að sumarlagi í norðaustur Atlantshafi. Markmið leiðangursins er vistkerfisvöktun að sumarlagi, frá yfirborði sjávar niður á 500 m dýpi. Vöktunin fellst m.a. í mælingaum á styrk næringarefna, hitastigi, seltu, magni og útbreiðsla átu, markríls, kolmunna, síldar og hrognkelsa. Sumarið 2021 fór íslenski hluti leiðangursins fram dagana 5.-26. júlí á rannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni. Rannsóknasvæðið var íslensk landhelgi að undanskildu svæðinu suðaustur af landinu sem var dekkað af Færeyingum og Norðmönnum. Alls voru sigldar 4322 sjómílur og athuganir gerðar á 315 mælistöðvum. Makrill veiddist í 41% af stöðluðum yfirborðstogum á landgrunninu fyrir sunnan og austan landið en lítið var vart við hann norður, vestur og suðvestur af landinu. Samanborði við sumarið 2020, þá var meiri útbreiðsla nú fyrir austan land en þéttleikinn var minni. Hitastig í yfirborðslagi sjávar var á bilinu 2,0 – 11,6 °C. Það var heitast fyrir sunnan land og kaldast í Grænlandssundi. Magn átu (þurrvigt) var verulega breytilegt eða á bilinu 3,6 – 35,0 g*m⁻². Ástand hafssins með tilliti til yfirborðshita og magn átu var hliðholt makríl fyrir vestan og suðvestan landið en engu að síður var hann ekki til staðar. Vísitala um magn norsk-íslenskrar síldar fæst úr þessum alþjóðaleiðangri og var hún með svipað útbreiðslu norðan og norðaustan við land líkt og undanfarin ár. Kolmunni mældist á stóru svæði meðfram landgrunnsbrúninni fyrir sunnan landið en ekkert mældist þar síðast ár. 0-ára kolmunni veiddist í fimm yfirborðstogum sem gerðist síðast sumarið 2011. Alls voru 451 hrognkelsi merkt á 49 togstöðvum dreifðum umhverfis landið.

Abstract

The Marine and Freshwater Research Institute (MFRI) has participated in the International Ecosystem Summer Survey in Nordic Seas (IESSNS) every summer since 2010. The aim of IESSNS is to monitor the pelagic ecosystem, 0-500 m depth, including measurements of

*nutrients, primary production, temperature, salinity, zooplankton, and abundance and geographical distribution of mackerel (*Scomber scombrus*), blue whiting (*Micromesistius poutassou*), herring (*Clupea harengus*) and lumpfish (*Cyclopterus lumpus*). In summer 2021, the Icelandic part of IESSNS was conducted July 5-26, on R/V Árni Friðriksson, and covered Icelandic waters except the southeast area which was covered by vessels from Faroe Islands and Norway. Survey transects were 4322 nautical miles and 315 stations were sampled. Mackerel was caught at 41% of surface trawl stations located inshore southeast of Iceland and in the Norwegian Sea. A few specimens were caught west, north, and southwest of Iceland. Compared to 2020, mackerel had a larger distribution range east of Iceland, but density was lower. Surface temperature, 10 m depth, ranged from 2.0 °C to 11.6 °C, and was highest south of Iceland and coldest in the Denmark strait. Mesozooplankton dry weight ranged from 3.6-35.0 g*m⁻² and there was no distinct spatial pattern. Despite favorable temperature and prey conditions west and southwest of Iceland mackerel was not present.*

The survey estimates abundance index for Norwegian spring-spawning herring and its distribution north and northwest of Iceland was similar to observations in previous years. Blue whiting was present along the shelf edge south of Iceland where no fish was measured last year. O-group blue whiting was caught at five surface trawl stations which has not occurred since 2011. In total 451 lumpfish were tagged and released at 49 stations distributed around the island.

Lykilorð: Makrill, kolmunni, síld, hrognkelsi, stofnmæling, útbreiðsla, áta, hitastig, uppsjávarrannsóknaleiðangur að sumarlagi, Mackerel, blue whiting, herring, lumpfish, stock index, geographical distribution, zooplankton, temperature, International Ecosystem Summer Survey in Nordic Seas (IESSNS)

Undirskrift verkefnisstjóra:

Anna Heida Ólafsdóttir

Undirskrift forstöðumanns sviðs:

Jónas J. Ólafsson

Efnisyfirlit

Bls.

1. Inngangur	1
2. Búnaður og aðferðir	2
2.1 Leiðangurslýsing	2
2.2 Bergmál og togstöðvar	4
2.3 Sjórannsóknir og dýrasvifssýni	5
2.4 Sýnataka fyrir ýmis rannsóknaverkefni.....	6
2.4.1 Söfnun á mögum	6
2.4.2 Mat á líkamsástandi lykiluppsjáartegunda	6
2.4.3 Umhverfisferfðaefni (eDNA).....	6
2.4.4 Merkingar á lifandi hrognkelsum	7
2.4.5 Sýnataka úr miðsjávarlagi.....	7
2.4.6 Söfnun á hreistri, kvörnum og erfðasýni úr síld fyrir norrænt samstarfsverkefni	7
2.4.7 Skráningar á sjárvarspendýrum	8
2.4.8 Sýking í íslenskri sumargotssíld	8
2.4.9 Sýnataka ískóðs	8
2.4.10 Söfnun á grálúðuseiðum.....	8
3. Niðurstöður og umræður	8
3.1 Makríll	8
3.2 Síld	11
3.3 Kolmunni	16
3.4 Hrognkelsi.....	20
3.5 Loðna	21
3.5 Sjórannsóknir.....	23
3.6 Dýrasvif.....	24
3.7 Ýmis önnur rannsóknaverkefni.....	25
3.7.1 Merkingar á lifandi hrognkelsum	25
3.7.2 Skráningar á sjárvarspendýrum	26
4. Þakkorð	27
5. Heimildaskrá	28
6. Töflur	29
7. Viðauki	32

Töfluskrár

Tafla 1. Sýnataka eftir svæði	29
Tafla 2. Lýsigögn fyrir tog	29
Tafla 3. Fjöldi stöðva á hverju svæði	30
Tafla 4. Aflí allra tegunda eða hæstu flokkunarlegu einingu.....	31

Myndaskrár

1. mynd. Togstöðvar og leiðalínur.....	4
2. mynd. Aflí makríls (<i>Scomber scombrus</i>).....	10
3 mynd. Makríll lengd og þyngd.....	11
4. mynd. Endurvarpssíldar (<i>Clupea harengus</i>).	12
5. mynd. Aflí síldar.....	13

6. mynd. Lóðrétt dreifing norks-íslenskrar vorgotsíldar	14
7. mynd. Lóðrétt dreifing íslenskrar sumargotssíldar.....	15
8. mynd. Síld lengd og þyngd.	16
9. mynd. Endurvarpsgildi kolmunna (<i>Micromesistius poutassou</i>)	17
10. mynd. Lóðrétt dreifing kolmunna	18
11. mynd. Afli kolmunna (<i>Micromesistius poutassou</i>).....	19
12. mynd. Kolmunna lengd og þyngd.....	20
13. mynd. Afli hrognkelsa (<i>Cylopterus lumpus</i>)	21
14. mynd. Afli loðnu (<i>Mallotus villosus</i>)	22
15. mynd. Loðna lengardreifing.	23
16. mynd. Hitastig á 10, 50, 100 og 400 m dýpi	24
17. mynd. Þurrvigtun dýrasvifs frá yfirborði niður að 200 m	25
18. mynd. Fjöldi og staðsetning merktra hrognkelsa	26
19. mynd. Skráningar á hvöllum og höfrungum.....	27

Viðauki

Viðauki 1. Þátttakendur í summaruppsjávarleiðangrinum IESSNS um borð í RS Árna Friðrikssyni í júlí 2021 og hlutverk þeirra í leiðangrinum.....	32
--	----

1. Inngangur

Hafrannsóknastofnun er þáttakandi í Sumaruppsjávarleiðangri í Norðurhöfum, almennt kallaður IESSNS, sem stjórnað er af ICES vinnuhóp um alþjóðlega uppsjávarleiðangra (WGIPS). Greinir þessi skýrsla frá niðurstöðum íslenska hluta leiðangursins sumarið 2021. Sameiginleg leiðangursskýrslu allra þáttakenda, sjá ICES (2021), greinir frá niðurstöðunum í heild. Meginmarkmið leiðangursins er: (1) að rannsaka með stöðluðum yfirborðstogum og bergmálsmælingum, útbreiðslu og magn makríls (*Scomber scombrus*), norsk-íslensku vorgotssíldarinnar (*Clupea harengus*), kolmunna (*Micromesistius poutassou*) og (2) mæla umhverfisskilyrði og meta ástand dýrasvifssamfélaga.

IESSNS er árlegur vistfræðileiðangur þar sem fylgt er eftir fyrirfram ákveðnum leiðarlínum sem og tekin fyrirfram ákveðnar rannsóknarstöðvar þar sem gerðar eru sjómælingar, tekin dýrasvifssýni og stöðluð yfirborðstog með flotvörpu. Yfirborðstogin gefa aldursgreinda vísitölu fyrir makríl sem notuð er sem inntaksgögn fyrir stofnmatsmódel í árlegu stofnmati hjá ICES vinnuhóp fyrir dreifða stofna (WGWISE). Bergmálgögn veita upplýsingar um magn og útbreiðslu síldar og kolmunna á sumarfæðuslóð þeirra. Markmiðið er að getað notað aldursgreindar vísitölu yfir þá stofna við stofnmat þegar gagnaröðin verður orðin nógu löng. Sjómælingar og mat á magni dýrasvifs eru hluti af langtímovöktun á vistfærði uppsjávarlaga í Norðaustur Atlantshafi að sumarlagi.

Upphaf leiðangurs má rekja til ársins 2007 þegar farið var á tveimur skipum frá Hafrannsóknastofnuninni í Noregi (IMR) og hefur hann verið sem skipulagður alþjóðlegur leiðangur árlega síðan sumarið 2010. Hafrannsóknastofnunin á Íslandi (MFRI) og Hafrannsóknastofnunin í Færejum bættust við árið 2010. Árið 2013 slóst Náttúruauðlindastofnunin í Grænlandi svo í hópinn og árið 2018 Hafrannsóknastofnunin í Danmörku. Upphaflega takmarkaðist leiðangurinn við Noregshaf en þegar sumarútbreiðslusvæði makríls stækkaði og fleiri þjóðir bættust í leiðangurinn þá jókst einnig landfræðileg yfirferð hans. Þegar sumarútbreiðsla makríls teygði sig í vestur- og norðurátt frá hefðbundnum fæðuslóðum í Noregshafi (Astthorsson et al., 2012, Olafsdottir et al., 2018, Utne et al., 2012) teygði leiðangurinn sig yfir að vesturströnd Íslands árið 2010, að austurströnd Grænlands og suður fyrir Hvarf árið 2014. Til þess að ná betri yfirsýn yfir yngri hluta stofnsins bættist Norðursjór við leiðangurinn árið 2018. Undanfarin ár hefur yfirferð leiðangursins náð yfir u.b.b. 3 milljón km². Yfirferð leiðangursins fram til ársins 2015 var mestmegin ákvörðuð af útbreiðslu makríls en einnig að einhverjum hluta af útbreiðslu norsk-íslenskrar síldar. Leiðangurinn er þannig talinn hafa náð yfir meginhluta útbreiðslu makríls og norsk-íslenskrar síldar á sumarfæðuslóð í Norðurhöfum allt frá 2010. Frá árinu 2016 var jafnframt haft það markmið að leiðangurinn næði yfir útbreiðslu kolmunna og því hefur

leiðangurinn teygt sig í suðurátt frá Íslandi allt að 60 °N. Það fól í sér að ekki er eingöngu togað á fyrirfram ákveðnum stöðvum, heldur líka á meira dýpi þegar bergmálsgögn gefa tilefni til.

Sumarið 2021 tóku 5 skip frá 4 löndum þátt í leiðangrum og var leiðangurssvæðið 24% minna en árið 2020 þar sem Grænlandshafi var nánast sleppt. Ástæðan fyrir minnkuðu leiðangurssvæði í vestur var takmarkað magn makríls á því svæði síðastliðin þrjú ár.

2. Búnaður og aðferðir

2.1 Leiðangurslýsing



Makrill.

Atlantic mackerel (Scomber scombrus).
Ljósmynd/photo Svanhildur Egilsdóttir.

Rannsóknarsvæði RS Árna Friðrikssonar í júlí 2021 náði yfir fjögur af tíu skilgreindum IESSNS svæðum (1. mynd; tafla 1). Skipulagning leiðangurs felur í sér ákvörðun á staðsetningu yfirborðstoga og ferla fyrir bergmálsmælingar. Leiðarlínur og togstöðvar eru ákvarðaðar kerfisbundið innan hvers svæðis þar sem staðsetning fyrstu línu og togstöðvar eru valin af handahófi og síðan eru önnur snið og stöðvar lögð niður í framhaldinu. Fjarlægð milli yfirborðstoga og fjarlægð milli sniða er sú sama innan hverssvæðis og ákvarðast

af dreifingu og magni makríls fyrri ára ásamt áætluðum leiðangurstíma. Á aðliggjandi sniðum eru stöðvarnar látnar víxla samanber 1. mynd . Leiðarlínur voru frá austur til vesturs á öllum svæðum nema tveimur, norður af Íslandi og við suðurströnd Íslands þar sem leiðarlínur voru frá norðri til suðurs. Við bergmálsmælingar eru leiðarlínur jafnan settar út þvert á dreifingu fiskistofna, og þá þvert frá landi að landgrunnsbrún, í stað þess að vera samsíða sem skýrir breytilega stefnu sniðanna. Nákvæmari leiðangurslýsingu má finna í ICES (2015).

Árið 2018 var svæðaskiptingu suður og vestur af Íslandi breytt til að endurspeglar betur þau svæði sem höfðu svipaðan þéttleika af makríl árin á undan. Sama skipting var notuð í leiðöngrum 2019-2021. Rannsóknarsvæðið 2021 var minna en árið 2020, þar sem svæði 12, Íslandsdjúp var ekki rannsakað og leiðangurinn var því viku styttri en undanfarin ár eða þrjár vikur samanborið við fjórar.




RS Árni Friðriksson siglir með fram hafís í Grænlandssundi í júlí 2021.

R/V Árni Friðriksson navigating drift ice in the Denmark channel in July 2021. Ljósmynd/photo Anna Heiða Ólafsdóttir. eins og árin 2017 og 2019. Veðrið var einstaklega rólegt, sérstaklega norður og austur af landinu. Skipið þurfti einu sinni að halda sjó í um 12 klukkustundir suðaustur af landinu vegna storms.

Til viðbótar við staðlaða IESENNS aðferðarlýsingu var sýnum safnað fyrir níu önnur rannsóknarverkefni, m.a. fyrir verkefnið SUMMER sem fjármagnað er Evrópusambandinu gegnum H2020:

- Merkingar á lifandi hrognkelsum (Hafró),
- Skráning allra hvala sem áhofn og rannsóknarfólk sjá (Hafró),
- Mat á líkamsástandi makríls og síldar og vigta lifur í kolmunna á völdum stöðvum (Hafró),
- Safna hjörtum úr íslenskri sumargotssíld til að mæla sýkingarhlutfall (Hafró),
- Nákvæmar mælingar og söfnun á ískóð (Hafró),
- Nákvæmar mælingar og söfnun á grálúðuseiðum (Hafró),
- Safna miðsjávarfiskum og -hryggleysingum á IESENNS stöðvum (SUMMER),
- Nákvæmari mælingar og söfnun á smokkfiskum og kolkröbbum (SUMMER),
- Söfnun sjósýna fyrir umhverfis DNA (eDNA) rannsóknir (SUMMER),
- Í leiðangrinum voru birtar færslur um vísindi og líf um borð á bloggsíðu leiðangursins: (<https://pelagicecosystemsurvey.wordpress.com/>)

Í heildina var 146 sýnum safnað fyrir ýmis rannsóknarverkefni auk staðlaðra aðgerða leiðangursins.



1. mynd. Þátttaka Íslands í IESEN 2021. Fyrirfram ákveðnar yfirborðstogstöðvar, ásamt sondum og WP2-háfum (rauðir ferningar), djúptog tekin út frá fisklóðningum (blár þríhyrningur), leiðangurslínur (svört lína) og skipting svæða (græn lína). Óreglulegu leiðarlínurnar norðvestur af landinu eru þegar skipið fylgdi ísröndinni sem hindraði að skipið náði að klára norðurhluta af tveimur sniðum.

Figure 2. The Icelandic participation in IESEN 2021. Predetermined surface trawl stations, including CTD and WP2-net (filled red square), deep trawling on acoustic registrations (open blue triangle), vessel track (black solid line, and strata boundary (green line). The irregular survey track north of Iceland is where the vessel followed the ice edge which blocked the vessel from surveying northern part of two transects.

2.2 Togstöðvar og bergmál

Samkvæmt staðlaðri IESEN 2021 aðferðarlýsingu (ICES, 2015) var notað Multpel832 troll með sérstaklega hönnuðum einstefnulás á fyrirfram ákveðnum togstöðvum. Dregið er í 30 mínútur á 5 hnúta hraða á meðan skipinu er snúið um 5° til að mynda „banana“ tog. Frekari upplýsingar er hægt að sjá í ICES (2015). Á meðan á togi stóð fylgdust vísindamenn og skipstjóri eða stýrimaður með breidd trolls (hlerabil), láréttir opnun og höfuðlínu í yfirborði með því að nota Scanmar troll skynjara sem staðsettir eru á báðum hlerum, fótreipi og höfuðlínu (tafla 2). Auk þess voru notaðir Starmon DT dýptar- og hitamælar frá Star Odda (www.star-oddi.com) sem festir voru á sama stað og trollskynjararnir og veittu mjög nákvæmar dýptarupplýsingar (skráð á 10 sekúndna fresti) með nákvæmni upp á ~1 m (<https://www.star-oddi.com/products/data-loggers/time-depth-recorder-tdr-starmon>).

Bergmálsgögnum var safnað á meðan leiðangrinum stóð með Simrad EK80 bergmálmæli á fimm mismunandi tíðnum (18-38-70-120-200 kHz) og var miðað við 500m söfnunardýpi. Hrágögn frá 38kHz voru túlkuð með forritinu LSSS (útgáfa 2.10.1) með átuþróskuld við -72dB. Tvær tegundir voru greindar frá endurvarpinu, síld og kolmunni, og voru s_A -gildi fyrir hvora tegund vistuð á 1 sjómílna millibili og á 10m dýptarbili. Nákvæmari lýsing á stillingum á bergmálstækjum um borð í RS Árna Friðrikssyni er í sameiginlegri leiðangursskýrslu IESSNS (ICES, 2021).

Tekin voru 10 tog út frá fisklóðningum þar sem talið var líklegt að um kolmunna væri að ræða. Aflasamsetning togsýnanna var notuð túlkunar á bergmálsgögnum með tilliti til tegunda og lengdarsamsetningu til að meta magn hverrar tegundar. Bergmálsmælar voru kvarðaður í maí 2021.

Stöðluð Multipelt832 flotvarpa var notuð á fyrirfram ákveðnum yfirborðstogstöðvum (0-35m dýpi). Lóðrétt opnun var um 35m sem er í samræmi við dýpi á fótreiþinu. Tæknileg atriði er tengdust stillingum og notkun á Multipelt832 flotvörpunni er í sameiginlegri leiðangursskýrslu IESSNS (ICES, 2021). Ætlunin var að taka 54 stöðluð yfirborðstog en sleppa þurfti 2 togum norðvestur af landinu vegna íss. Öll togin voru fullnægjandi hvað varðar stillingar á flotvörpu ásamt framkvæmd toganna. Þar af leiðandi var hægt að notast við þau gögn sem fengust til að meta magn hverrar tegundar fyrir sig.

2.3 Sjórannsóknir og dýrasvifssýni

Sjó- og dýrasvifssýnum var safnað á fyrirfram ákveðnum togstöðvum. Til að mæla hitastig, seltu og blaðgrænu var sondu (CTD) slakað niður á 500 m dýpi eða niður á botn eftir því hvort kom á undan. Sjósýni voru tekin á 0 m, 20 m og 50 m til að mæla magn blaðgrænu og næringarefni fosfat, kísil, nítrat og nítrít. Auk þess var tekið sjósýni á 500 m dýpi til að kvarða seltumælingar. Alls voru teknaðar 54 sondustöðvar í leiðangrinum.

Dýrasvifi var safnað í WP-2 háf (60 cm þvermál, möskvastærð 200 µm, með flæðismæli) þrisvar sinnum á hverri stöð. Tveir háfar fóru niður á 50 m dýpi og einn niður á 200 metra, eða mesta botndýpi, og hífðir upp í yfirborð. Annað 50 m sýnið og helmingur 200 m sýnisins voru síuð með 1000 µm sigti til stærðarflokkunnar og fryst í álbökkum um borð en þurrvigt sýnanna svo mæld í rannsóknastofu í landi. Hitt 50 m sýnið og hinn helmingur 200 m sýnisins voru sett í formalín til greiningar á tegundasamsetningu eftir leiðangurinn (niðurstöður ekki kynntar hér). Alls var tekin 51 WP-stöð í leiðangrinum. Ekki var hægt að taka 3 stöðvar vegna of mikils vinds.

Líkt og í fyrri leiðöngrum var síriti hafður á allan tímann og skráði hann yfirborðshita, seltu og ljós. Auk þess var sjósýni tekið úr síritanum á hádegi á hverjum degi og síða til mælinga á blaðgrænu.

2.4 Sýnataka fyrir ýmis rannsóknaverkefni

2.4.1 Söfnun á mögum

Fæðuganga uppsjávarfiska að sumri til er hluti af vöktun Hafrannsóknastofnunar á uppsjávarvistkerfinu. Mögum var safnað á þriðju hverri stöð og frystir úr 10 fyrstu kvörnuðu fiskunum af makríl og síld. Einnig voru 10 fyrstu magarnir úr kolmunna frystir en það var gert á öllum stöðvum sem kolmunni fékkst. Í heildina söfnuðust magar úr 176 makrílum, 141 síld og 120 úr kolmunna á samtals 40 stöðvum (tafla 3). Magasýnin verða síðar greind í landi, þar af leiðandi eru engar niðurstöður frá því í skýrslunni.

2.4.2 Mat á líkamsástandi lykiluppsjávartegunda



Kolmunni.

Blue whiting. Ljósmynd/photo Anna Heiða Ólafsdóttir.

Þriðja sumaruppsjávarleiðangurinn í röð var líkamsástand makríls, síldar og kolmunna metið. Tilgangur þeirrar rannsóknar er að fylgjast með ástandi helstu uppsjávarfiskategundanna á hápunktí árlegrar fæðugöngu þeirra. Líkamsástand er metið með því að athuga sömu einstaklinga og mögum var safnað úr. Líkamsástand makríls og síldar var metið með því að mæla fituinnihald með Distell leiðnimæli (FFM-992. Old Levenseat, Fauldhouse, West Lothian EH47 9AD, Scotland, UK, distell.com). Hver einstaklingur var mældur fjórum sinnum, bæði fyrir ofan og neðan hliðarrák á báðum hliðum. Hjá kolmunna gefur þyngd lifrar upplýsingar um ástand fisksins og var hún því vigtuð með 0.1 g nákvæmni.

2.4.3 Umhverfiserfðaefni (eDNA)

Umhverfiserfðaefnissýnum (eDNA) var safnað á tveimur togstöðvum suður af Íslandi. Á hvorri stöð voru 5 lítrar af sjó af sex dýpum: 0 m, 50 m, 200 m, 500 m, 700 m og 1000 m síðir með Sterivex síu. Viðmiðunarsýni voru einnig tekin á stöðvunum. Sýnatakan var gerð fyrir

alþjóðlega verkefnið SUMMER. Síðar verða sýnin greind í landi og niðurstöður því ekki kynntar í þessari skýrslu. Þetta var fjórða árið sem eDNA er safnað í þessum leiðangri.

2.4.4 Merkingar á lifandi hrognkelsum

Markmið merkinga á hrognkelsum er að öðlast frekari upplýsingar um vaxtarhraða, stofnsamsetningu og greina far þeirra. Öll lífvænleg hrognkelsi sem voru 15 cm eða lengri voru merkt með plastmerki (Peterson diskamerki) í bakugga og síðan sleppt. Hámarksfjöldi merktra fiska á hverri stöð voru 30 fiskar. Merkingarnar fóru fyrst fram árið 2018 og áætlað er að halda þessu verkefni áfram í framtíðinni.




Merkt hrognkelsi.

Tagged lumpfish waiting for freedom.
Ljósmynd/photo James Kennedy.

2.4.5 Sýnataka úr miðsjávarlagi

Á öllum togstöðvum voru miðsjávarfiskar og hryggleysingjar flokkaðir eins ítarlega og unnt var, lengdarmældir, vigtaðir og frystir. Þetta var fjórða árið sem þessi sýnasöfnun fer fram fyrir alþjóðlega rannsóknaverkefnið SUMMER. Þessi sýni verða síðar unnin nánar á rannsóknastofu í landi og niðurstöður verða því ekki birtar í þessari skýrslu.



Allir miðsjávarfiskar voru frystir til frekari rannsókna hjá Hafrannsóknastofnum. Til vinstri er svarthveðnir (*Centrolophus niger*), til hægri er litla geirsíli (*Arctozenius rissoii*).

All mesopelagic fishes were frozen for further investigation at the institute. To the left Blackfish (*Centrolophus niger*), to the right White barracudina (*Arctozenius rissoii*). Ljósmyndir/photos James Kennedy.

2.4.6 Söfnun á hreistri, kvörnum og erfðasýni úr síld fyrir norrænt samstarfsverkefni

Safnað var hreistri, kvörnum og DNA úr síld beggja stofna á öllum svæðum, fyrir samstarfsverkefni meðal norrænna þjóða sem leitt er af Hafrannsóknastofnuninni í Bergen, Noregi. Tekin voru sýni úr 25 einstaklingum ásamt tveimur DNA erfðasýnum, eitt fyrir verkefnið og annað fyrir erfðaefnisbanka Hafrannsóknastofnunar. Safnað var af tveimur stöðvum á hverju svæði, nema fyrir austan Ísland (svæði 3) en þar var tekið eitt sýni á hverju

sniði. Heildarfjöldi stöðva var því sex. Sýnin verða síðar greind í landi og niðurstöður liggja því ekki fyrir.

2.4.7 Skráningar á sjárvarspendýrum

Sumarið 2021 var fjórða árið sem RS Árni Friðriksson tók þátt í tækifærisskráningum úr brúnni á hvöllum (e. opportunistic whale sightings) innan IESSNS. Áhöfn í brúnni skráði upplýsingar á þar til gert eyðublað þegar sjárvarspendýr sáust. Upplýsingarnar sem þurfti að skrá voru: staðsetning, dagsetning, tími, tegund, fjöldi og hegðun. Einnig þurfti að skrá ef fuglar voru á svæðinu. Gögnum var safnað saman með það að leiðarljósi að leggja okkar af mörkum við að stækka skráningarsvæði á sjárvarspendýrum þar sem norsku rannsóknarskipin hafa gert þetta til margra ára innan ISSNS.

2.4.8 Sýking í íslenskri sumargotssíld

Í öllum leiðöngrum Hafrannsóknastofnunar er hjörtum safnað úr íslenskri sumargotssíld til þess að fylgjast með þróun *Ichthyophonus* sýkingar í stofninum. Íslensk sumargotssíld veiddist á 10 togstöðvum og 50 hjörtu fryst á hverri stöð. Sýnin voru greind á rannsóknastofu Hafrannsóknastofnunar eftir leiðangurinn en niðurstöður eru ekki birtar þessari skýrslu.

2.4.9 Sýnataka ískóðs

Alls veiddust 8 ískóð á þremur stöðvum. Eftir mælingar voru þau heilfryst til frekari greininga.

2.4.10 Söfnun á grálúðuseiðum

Frysta átti öll grálúðuseiði fyrir Hafrannsóknastofnun en ekkert slíkt veiddist.

3. Niðurstöður og umræður

Heildarafli leiðangursins var 29.2 tonn og innihélt aflinn 33 mismunandi flokkunarfræðilega hópa og 29 þeirra voru greindir til tegunda (tafla 4). Stærsti hluti aflans var síld 62%, næst kom makrill 32%, þá hrognkelsi 2%, kolmunni 2%, loðna 1%, hryggleyingjar <1% og aðrar fisktegundir <1%. Um 98% af aflanum fékkst úr yfirborðstogum (n=54) og 2% úr djúptogum (n=10). Ekki var hægt að bera afla saman við fyrri ár vegna breytinga á rannsóknarsvæði milli ára.

3.1 Makrill

Makrill (*Scomber scombrus*) fékkst í 22 af 54 (41%) föstum yfirborðstogum (2. mynd). Heildarafli makríls var 9422 kg, aflí á stöð spennaði frá <1 kg til 2678 kg. Miðgildi aflans var




Nýveiddur makríll.

Catch of mackerel. Ljósmynd/photo James Kennedy.

137 kg og meðaltal 428 kg. Útbreiðsla makríls vestur og suður af landinu í ár var svipuð og árið 2020 þar sem einungis nokkrir makrílar fengust vestur og suðvestur af landinu. Mestur acli fékkst suðaustur af landinu. Útbreiðsla makríls fyrir austan var meiri nú í ár miðað við árið áður, makríll fékkst á 11 af 13 togstöðvum en þéttleikinn var þó ekki mikill. Mat á magni makríls út frá afla í yfirborðstogum verður ekki kynnt hér og er lesendum bent á leiðangursskýrslu 2021 IESSNS (ICES, 2021).

Langtímagögn hafa sýnt fram á að yfirborðshitastig þarf að vera lágmark 7°C fyrir makríl og umtalsvert magn sé aðeins að finna þar sem hitinn er yfir 9°C (Olafsdottir et al., 2019). Yfirborðshitastig í blönduðum lögum var hærra en 9°C á landgrunninu og grunnsævissvæðum vestur og suðvestur af landinu ásamt Irmingerhafi. Þrátt fyrir það veiddust einungis fáeinir makrílar á þessum svæðum. Þar af


leiðandi var yfirborðshitastig þar ekki ástæða þess að makríl vantaði. Þar að auki skýrði þéttleiki á aðalfæðu makríls (Óskarsson et al., 2012) ekki dreifingu hans þar sem dýrasvif var ýmist í litlu eða miklu magni á leiðangurssvæðinu þar sem engan makríl var að sjá.



3. mynd. Afli makríls (*Scomber scombrus*) á fyrirfram ákveðnum yfirborðstogstöðvum á RS Árna Friðrikssyni í júlí 2021. Svört x merkja engan afla. Leiðangurslinur (svartar) og dýptarlínur við 200, 500 og 1000 m (gráar).

*Figure 4. Mackerel (*Scomber scombrus*) catch at predetermined surface stations sampled by R/V Árni Friðriksson in July 2021. Black crosses represent zero catch. The survey track (black line) and depth contours at 200, 500 and 1000 m are also shown (grey lines).*

Lengardreifing makríls var frá 30-44 cm, meðallengd og miðgildi var það sama, 39 cm (3. mynd). Lengardreifing og þyngdar- og lengdarsamband var svipað milli svæða austur og suður af landinu. Aldur makrílsins var 4-17 ára. Lengdar- og aldurssamband og þyngdar- og aldurssamband var svipað milli svæða.



5 mynd. Lengdardreifing makríls (uppi til vinstri), meðalþyngd miðað við lengd (niðri til vinstri), meðallengd miðað við aldur (uppi til hægri) og meðalþynd miðað við aldur (niðri til hægri) fyrir hvert svæði frá fyrirfram ákveðnum yfirborðstogum á RS Árna Friðrikssyni í júlí 2021.


Figure 6. Proportion of mackerel at each 1 cm length bin (top left), mean weight at length (bottom left), mean length-at-age (top right) and mean weight-at-age (bottom right) in each strata measured from predetermined surface trawl stations sampled by R/V Árni Friðriksson in July 2020. Strata is stated in the title of each graph with the boundary of the strata displayed in Figure 1. Shaded areas display one standard deviation around mean value and n value states number of fish measured.

3.2 Síld

Bergmálsendurvarp og togsýni fyrir norsk- íslensku vorgotssíldina (NSSH) og íslensku sumargotssíldina (ISSH) eru ekki sett fram fyrir hvorn stofn fyrir sig. Stofnana má aðgreina gróflega eftir staðsetningu í júlí með NSSH norður og austur af Íslandi en ISSH fyrir sunnan og vestan. Suðaustur af Íslandi eru skilin milli stofnanna tveggja sett á 14°V lengdargráðu.


Samkvæmt bergmálsgögnum árið 2021 var ISSH dreifð á grunninu meðfram suðurströnd Íslands og einhver hluti hennar vestur af Íslandi (4. mynd). NSSH var dreifð á landgrunnsbrúninni og í djúpinu norðvestur, norður og norðaustur af Íslandi. Samanburður á bergmálsgögnum (4. mynd) og togsýnum (5. mynd) sýnir töluberða skörun hvað varðar það hvort síld sé til staðar eða ekki en skörun er lakari fyrir þéttleika síldar. Reikna má með betri skörun endurvarps og togsýna fyrir NSSH samanborið við ISSH. Hrygning ISSH er á sama tíma og leiðangurinn og síldin því ýmist hnappdreifð í nálægð við hrygningarsvæðin eða nýhryngd og dreifðari og oft nærri botninum frekar en í blandaða yfirborðslaginu þaðan sem togsýnin

eru tekin (0 - 35m). NSSH er í fæðuleit á leiðangurstímanum og því jafndreifðari lárétt og aðallega staðsett í blandaða yfirborðslaginu, á togdýpi yfirborðstoga.



7. mynd. Bermálgildi síldar (*Clupea harengus*) (sa: rauðar og bláar súlur) mæld af RS Árna Friðrikssyni í júlí 2021. Leiðangurslínur (svartar) og dýptarlínur á 200, 500 og 1000 m (gráar).


